

ÞAU FALLA ÁREIÐAN- LEGA EKKI ÞESS VEGNA

„Má ég tylla lapparskarninu inn fyrir þrepskjöldinn, húsbóndi minn góður?“ — „Ójá, ert það þú, Hjálmar minn, öh, öh, og hvað er þér nú á höndum?“ — „Ja, það var nú margt, sem ég ætlaði að tala við yður, prestur minn“, — og Hjálmar tuddi rekur raunir sínar af mestu hógvæð fyrir klerki — þau láta alltof mikið í kvarnar-skömmuna, grautarskófirnar fær hann ekki með skilum, svo er nú farið að minnka um kornið í hana mjónu og hana alvið, já og svo er nú orðið langt síðan sálarskarnið hefur fengið góðverkið sitt.

Og prestur vill allt fyrir tudda greið gera — gegn smávægilegum greiða þó. Tuddi fær „góð verk í silfrið“ og ætlar í staðinn að gæta að því, hvert blessaðar dúfurinn fara í rökrinu.

Sé einhver lesenda enn í vafa um, hvað um er að ræða, skal hann ekki lengur í óvissu látinn. Við erum stödd í rúmgóðum og falletum salarkynnum Hagaskólans, þar sem síðasta æfing fyrir frumsýningu á Manni og konu, eftir Jón Thoroddsen, fer fram. Þegar þessar línur birtast, er frumsýningin afstaðin, og hafi leikfólkið ekki staðið sig verr en á þessari æfingu, hefur áreiðanlega óspart verið hlegið og klappað.

Leikfólkið er úr ýmsum bekkjum Hagaskólans, ekkert þeirra eldra en 16 ára, og mörg yngri. En á sviðinu eru þau talsvert eldri, og þeim tekst sannarlega furðu vel, með hjálp sminks og annarlegra klæða, að gera sig að virðulegu — og óvirðulegu — eldra fólki. Og þó að sumar raddirnar séu e.t.v. óþarflega

unglegar, er eins og það geri ekkert til. Þau gera sitt bezta, og ánægjan og viljinn til að gefa vel skín út úr hverju andliti.

Prestur stíklar um stofugólfið á Stað, hóstar lágt og tilgerðarlega, tautar fyrir munni sér. Það er sunnudagur, og hann þarf að undirbúa einhverja ræðuskömm, ef rækallinn skyldi senda einhverja á hann í þessari líka ófærð. Hann er lotinn í herðum, andlitið hrukkótt, hástrýið grátt, röddin er gamalmennis. En allt er fasið lævislegt, og undirferlin skín út úr augnaráðinu.

Skyndilega réttir hann úr sér: — Æ, Klemenz, hvar eru nú ræðurnar mínar? — Ingibjörg, hvar eru ræðurnar hans? kallar Klemenz framan úr sal. Ræðurnar koma í leitirnar, og Jón Örn verður aftur að séra Sigvalda, presti á Stað. Það er von að honum sé annt um ræðurnar sínar, það kemur nefnilega í ljós, að hann hafði látið fyrir þær 300 þorskausa á sínum tíma, — og hann séra Sigvaldi er sár á sínu.

Og áfram er haldið. Gagnstætt óskum prests koma nokkrir til kirkju og hann neyddist til að messa yfir þeim. Þar hittast tveir góðir, þeir Bjarni á Leiti og Hallvarður Hallsson. Það kemur enginn að tónum kofanum hjá þeim, sem fýsir að heyrna nokkrar hreystisögur. Og ekki spillist hópurinn, þegar Grimur meðhjálpari og Egill, sonur hans, bætast við. Það gengur að vísu á ýmsu þennan messudag, og endar með því að prestur fyllir eitt sóknarbarða sinna, en Bjarni á Leiti lætur sig hafa það að leysa niður um sjálfan meðhjálparann og flengja hann.

Og Klemenz hrópar öðru hvoru skipanir utan úr sal: — Hvað eru þið að gaufa þarna, strákar, komið þið fram í ljósið! — Gráðugri, strákar, gráðugri! — Gley

ði ekki að dýfa í byttuna! — Láttu heyrast í þér hóstakjöltrið, prestur minn!

Nú verður nokkurt hlé á æfingunni, Klemenz reynir að ná hópnum saman til að leiðbeina um það, sem miður fór, en það gengur illa að hafa hemil á þeim, Pétur finnst ekki, Hallgrímur þarf að hvíla sig eftir átökin, og Ingibjörg hefur öðru að sinna. Hún virðist bera ábyrgð á því, ef eitthvað vantar á sviðið.

Skólástjóri Hagaskóla, Arni Þórðarson, er viðstaddur þessa æfingu. Og við nánari eftirgrennslan kemur í ljós, að hann hefur fylgt með flestum æfingunum, síðan þær hófust 9. febrúar. Við spyrjum hann, hvernig honum lítist á leikhæfi leika nemenda sinna.

— Eg er mjög ánægður með þann árangur, sem náðst hefur á þessum fáu vikum, sem þau hafa getað æft, segir hann. Eg hef fylgt vel með þessu, og ég er satt að segja alveg undrandi, hvað krakkarnir eru duglegir.

— En truflar þessi leikstarfsemi ekki námið?

— Nei, það furðulega er, að þetta virðist ekkert teffa krakkana frá náminu, þó að æfingar séu langar og strangar. Þau eru bara þeim mun duglegri, þegar tími gefst til lestrar. Þetta er líka allt svo duglegt fólk, sem má vel við því að takast á herðar slík aukastörf. Þau falla áreiðanlega ekki þess vegna. Eg er líka á þeirri skoðun, að slík starfsemi sem þessi sé ekki síður þroskandi fyrir unga fólkið heldur en mörg námsbókin.

Og til þess að kanna, hvort skólástjóri og nemendur hafa ekki eitthvað svipaða skoðun á málinu, fórum við út í horn, þar sem tveir leikendanna súpa á kaffi og ræðast við. Það kemur þá í ljós, að þetta eru prestshjónin á Stað, sem í daglega lífinu heita Jón Örn Marínósson og Ingibjörg Einarsdóttir.



— Er gaman að leika?

Þeim verður orðfall eitt augna blik vegna þessarar fávíslegu spurningar. Hvorugt lítur þó út fyrir að halda sér lengi saman, enda kemur það á daginn. Og þau eru sammála um, að það sé gaman að leika, og að ekki verði sársaukalausast að skilja við prests hjónin.

— Annars er ég orðin hundleið á eiginmanninum, segir Ingibjörg og lítur stríðnislega til „eiginmannsins“. Hann er svo óttalegur nifill og svikull með afbrigðum.

— En mér líkar vel við klerk, segir Jón Örn og vill bera blak af séra Sigvalda. Hann er að vísu ekkert góðmenni, ekki einu sinni inn við beinið, held ég. En það er gaman að fást við kauða, og ég mun sakna hans, þegar við skiljum.

— Hefur þetta ekki verið erfitt?

— Ja, það hefur stundum verið erfitt, segir Ingibjörg, sérstaklega núna síðustu dagana. En okkur er alveg sama um það, ef það gengur bara vel á sýningunum. Þetta hefur verið voða gaman.

— Kemur þetta nú ekki niður á náminu?

— Ekki held ég það, segir Jón Örn. Víst hefur maður slegið slöku við, og það á þá sjálf-sagt eftir að koma í ljós í landsprófinu í vor. En ég held nú, að við lærum alveg jafnmikið á þessu eins og að kúra yfir bóku.

Og þá höfum við komið að því: Skólástjórinn og a.m.k. einn nemendanna hafa sömu skoðun á málinu. Nú ber Bjarna á Leiti að. Hann er einnig í landsprófi.

— Er ekki erfitt að flengja Grím?

— Jú, það er nú ekki fyrir neinn aukvísu, segir Bjarni, öðru nafni Hallgrímur Snorrason, drýgindalega. Annars er verst með nefið á mér, það er svo fjanði losaralegt, ég er alltaf með lifið í lúkunum um að það muni detta.

— Já, þeir eiga hágt, sem hafa svona ómyndarlegt nef frá náttúrunnar hendi, segir þá séra Sigvaldi illkvittnislega, eins og hans var von og vísa.

Hallvarður Hallsson, öðru nafni Jón A. Hallgrímsson, stendur skammt frá, niðursökkinn í einhverja bók.

— Er þetta kennslubók?

— Kennslubók!!! Ekki aldeilis! Eg er að líta í „rulluna“ mína.

— Hann kássast nú aldrei upp á neins manns jússu þessa

dagana og les þar af leiðandi ekki kennslubók!

— Hann spisar bara frúkost, eins og þeir í höfuðstaðnum.

Það er nú orðið svo margt í kringum okkur, að ekki er lengur hægt að þekkja, hver segir hvað. Þau ræða af kappi um kennslustundir og annað álíka skemmtilegt.

— Þeir eru alveg hættir að taka mann upp, þeir vita, að það þýðir ekkert.

— Þú hefur nú hvort eð er aldrei getað neitt.

— Það er líka allt í lagi að koma ólesinn í tíma til þeirra allra, nema — — —

— Uss, ertu vitlaus, maður, sérðu ekki, að það er skrifað niður hvert orð, sem þú segir.

Við spyrjum, hvernig þeim líki við Klemenz.

— Hann er alveg dásamlegur, segja þau einum rómi.

Og hinn dásamlegi Klemenz segir, að þau séu reglulega þæg við sig og að það sé gaman að vinna með svona áhugasömum hóp.

— Það er engin hætta á að þau gleymi „rullunum“ sínum, en það vill oft vanta einn og annan hlut á sviðið. En ég er viss um, að allt gengur vel á sýningu.

En nú má ekki trufla lengur, æfingu verður að ljúka fyrir kl. 8, því að Klemenz þarf að komast niður í Þjóðleikhús til að leika Ógmund í Skugga-Sveini, og Bjarni á Leiti er með hárkolluna hans.

Tjaldið er enn dregið frá, og Sigrún Gunnarsdóttir er ekki lengur skólástúlka, sem ekki vill gata í tímum, heldur hún Staða-Gunna, sem tuskar sinn Egil til og frá og snýtir honum á milli skammanna. Og Helga Kjaran er orðin svo gömul, að það er ómögulegt að hugsa sér hana á skólabekk.

Og eins og allir Ístendingar vita, ná þau Sigrún og Þórarinn saman að lokum, og séra Sigvaldi verður að viðurkenna, að hann hefur ekki allt sitt líf breytt samkvæmt boðorðum guðs. Og hann sezt þunglamalega á steininn á hlaðinu í Hlíð:

— Ætli það sé ekki kominn tími til þess, að ég biðji guð að hjálpa mér.

—k.
N.B. — Frumsýning er afstaðin, og það fór eins og við spáðum, að henni var tekið með miklum fögnuði. Leikurinn mun verða sýndur aftur í Hagaskólanum annað kvöld, og er ekki að efa, að margir nota tækifærið og njóta þessarar ágætu skemmtunar.



POLYTEX OG REX

málningarvörulagerinn

frá SJÖFN er fluttur í

ÁRMÚLA 3

TRYGGJUM GÓÐA ÞJÓNUSTU

Vöruafgreiðsla Iðnaðardeildar SÍS

Ármúla 3, Sími 35318

